

8.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði, þriðjudaginn 15.ágúst 2017 kl. 20:00. Bogi Kristinsson byggingarfulltrúi situr fundinn. Elín Agla Briem ritar fundargerð.

Mætt eru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Bjarnheiður Fossdal Melum, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnese 1, Ingólfur Benediktsson Árnese 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Oddviti bað um heimild til þess að breyta röðun dagskrárliða og bæta við erindi frá FV varðandi val á fulltrúa Árneshrepps til setu á þingi sem haldið verður á Ísafirði 23.ágúst n.k. til langtímastefnumörkunar í samgöngumálum Vestfjarða.

Dagskrá fundarins;

1. Kaupfélagið, staða mála.
2. Fjallskilaseðill, leitir og réttir 2017.
3. Finnbogastaðaskóli, framhald verkefna.
4. Norðurfjarðarhöfn, ýmislegt.
5. Hvalárvirkjun, aðalskipulag, breytingar og deiliskipulag.

1.Hvalárvirkjun, umræða. Hrefna Þorvaldsdóttir lagði fram tvær bókanir:

A) Þar sem fyrirséð er að vegagerð frá Hvalá að væntanlegu virkjunarsvæði hefur í för með sér gífurlegt rask á landi óska ég undirrituð eftir að allri umræðu um Hvalárvirkjun verði frestað uns fyrirliggi staðfest:

1. Hvar endanlegur tengipunktur virkjunarinnar verður.
2. Hvort allar línur verði lagðar í jörðu.

Ár, vötn og tjarnir sem Hvalárvirkjun tekur til falla undir 61.gr náttúruverndarlaga sem segir að ekki megi raska þeim nema brýna nauðsyn beri til.

Mikilvægt er að vita hvort brýna nauðsyn beri til að mæta raforkuþörf vestfjarða og ef svo er hvort möguleiki sé á að mæta henni með öðrum hætti en svo stórra virkjun sem Hvalárvirkjun er ætlað að vera.

B) Ég undirrituð óska eftir að sveitarstjórn taki til efnislegrar umfjöllunar hvað sé í stöðunni ef ekki verði virkjað. T.d. kom fram hugmynd frá Landvernd um stofnun Þjóðgarðs sem gæti fært byggðarlaginu einhver störf og nýjum störfum fylgir nýtt fólk.

Hrefna Þorvaldsdóttir 291251 4559

Ingólfur Benediktsson leggur fram tillögu til bókunar:

A) Árnesi 15.ágúst 2017

Eftirfarandi tillaga lögð fram í sveitarstjórn:

Að sveitarstjórn fari eftir álitum Skipulagsstofnunar að Hvalárvirkjunar taki ekki til vatnasviðs Eyvindarfjarðará og jafnframt að allt vatn frá virkjuninni verði veitt út í Hvalá fyrir ofan brú þannig að Hvalárfoss haldi sér. Þetta eru atriði sem taka til fossa og vatna sem njóta verndar samkvæmt 61.gr náttúruverndarlaga. Með þessari breytingu munu fossaraðir í Eyvindarfjarðará og Hvalárfoss halda sér og Eyvindarfjarðarvatn. Ef meirihluti sveitarstjórnar ætlar að halda áfram með þetta mál þá er gríðarlega mikilvægt að þessi atriði og margir aðrir óvissuþættir séu á hreinu áður en lengra er haldið í allri skipulagsvinnu til dæmis hvernig og með hvaða hætti afhending raforku frá virkjuninni verður.

Ingólfur Benediktsson Árnesi 2.

Hreppsnefnd Árneshrepps samþykkir á fundi sínum 15.ágúst 2017 með þremur atkvæðum sem sögðu já, eitt atkvæði nei og einn sat hjá með auglýsingu á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 ásamt umhverfisskýrslu samkvæmt 31.gr skipulagslaga nr 123/2010. Breytingin fjallar um áform um byggingu og framkvæmd við Hvalárvirkjun.

Hreppsnefndin samþykkti að tillagan skyldi auglýst með breytingum þar sem tekið hefur verið tillit til athugasemda Skipulagsstofnunar.

Skipulagsfulltrúa er falið að auglýsa og óska eftir umsögnum viðeigandi stofnanna.

Samhliða verður auglýst tillaga að deiliskipulagi Hvalárvirkjunar samkvæmt 41.gr skipulagslaga nr 123/2010 m.s.br. ásamt umhverfisskýrslu. Skipulagsfulltrúa er falið að auglýsa tillöguna og leita umsagnar viðeigandi stofnanna.

Á sama fundi samþykkti hreppsnefnd að deiliskipulagstillaga sama efnis skyldi auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

2. Kaupfélagið, staða mála.

Hreppsefnd ákvað að senda stjórn kaupfélags KSH bréf varðandi áframhaldandi starfsemi útibúsins á Norðurfirði. Tillaga kom fram um að sveitarfélagið greiddi starfsmanni laun frá 1.október og staðan metin að vori. Tillagan var samþykkt.

3. Fjallskilaseðill

Ingólfur Benediktsson gerði tillögu að leitarseðli sem samþykktur var samhljóða og verður dreift eins fljótt og hægt er.

4. Finnbogastaðaskóli, framhald verkefna.

Hreppsefnd samþykkti samhljóða ráðningu starfsmanna við Finnbogastaðaskóla 1.ágúst-31.desember 2017. Ráðnar voru Vigdís Grímsdóttir skólastjóri, Elín Agla Briem kennari (leiðbeinandi) og Hrefna Þorvaldsdóttir matráður og stundakennari.

5.Norðurfjarðarhöfn, ýmislegt.

Búist er við að Vegagerðin komi bráðlega til að ganga frá siglingaljósum

6.Aukamál.

Hreppsefnd samþykkir að oddviti sæki fund í „stækkaðri“ samgöngunefnd FV og stjórn FV 23.ágúst á Ísafirði.

Fleira er ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl 22.10